

4.júní 2010

Niðurstaða athugunar á starfsemi Allianz Íslands hf. söluumboði

Framkvæmd var athugun á starfsemi Allianz Íslands hf. söluumboði (Allianz) með heimsókn og gagnaöflun dagana 26.-27. maí 2009. Athuginin beindist að því að skoða starfsemi Allianz, þá sérstaklega upplýsingagjöf og kynningarefni viðskiptavina á Ævilífeyri. Í kjölfar athugunarinnar rituðu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekinna fresta. Voru drög að skýrslunni afhent framkvæmdastjóra Allianz þann 23. október 2009 og honum gefið tækifæri á að koma sjónarmiðum félagsins og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar þann 11. desember 2009, var tekið tillit til þeirra athugasemda eftir því sem tilefni þótti til. Skýrsla innri endurskoðanda um hvernig Allianz hefði staðið að úrbótum á þeim atriðum sem vikið var að í skýrslunni barst Fjármálaeftirlitinu 22. janúar 2010.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athuginina og miðast hún við stöðu mála á þeim tíma sem athuginin fór fram. Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum. Gagnsæisstefnan er nánar útfærð á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Samningseyðublað um Ævilífeyri

Í 5. gr. leiðbeinandi tilmæla nr. 2/2003, um túlkun og framkvæmd reglugerðar nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarverndar, segir að í samningi skuli gera skilmerkilega grein fyrir kostnaði sem réttshafi ber af gerð samnings og fellur ekki innan þess sem telja má reglulegan kostnað vegna reksturs og umsýslu lífeyrissparnaðar.

Gerð var athugasemd við að á samningseyðublaði um Ævilífeyri kemur ekki fram að ákveði aðilar að hætta innan samningstímans og færa sparnaðinn annað þá fái þeir eingöngu endurkaupsvirði sem gæti þýtt að endurgreiðsla til þeirra verði lægri en greidd iðgjöld.

Ekki kemur fram í samningseyðublaðinu að samningur falli niður verði gert hlé á iðgjaldagreiðslum í 3 ár eða lengur. Þá kemur ekki fram hvaða afleiðingar iðgjaldahlé hefur í för með sér á endurkaupsvirði.

Gerð var athugasemd við að Allianz hafi ekki sent uppfærðar reglur og samninga um Ævilífeyri til samþykktar til fjármálaráðuneytisins eins og ber að gera skv. 10. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þá voru ýmis atriði sem átti eftir að uppfæra í samningseyðublaðinu eftir að lög nr. 129/1997 breyttust í desember 2008, t.d. að útgreiðslur lífeyris hefjist við 60 ára aldur og 2ja mánaða uppsagnarfrest.

Gerð var athugasemd við villandi orðalag í samningnum þar sem fram kemur að lífeyrisgreiðslur séu greiddar út í EUR og að inneign hvers og eins sé í EUR. Raunin er sú fyrir þá sem gera samning við Allianz á Íslandi að bæði inn- og útgreiðslur eru ávallt í ISK.

Réttindi

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að tryggð ávöxtun væri sögð 2,25% í skilmálum Allianz en er í raun 1,3% þegar búið er að taka tillit til kostnaðar.

Gerð var athugasemd við skilmála Allianz, E 70, en samkvæmt þeim getur sjóðfélagi afsalað og veðsett réttindi sín. Það er óheimilt skv. lögum nr. 129/1997.

Sala og markaðssetning verðbréfasjóða

Gerð var athugasemd við að Allianz hafði boðið upp á verðbréfasjóði á heimasíðu sinni, en eingöngu tilteknir aðilar geta veitt ráðgjöf varðandi verðbréfasjóði og selt hlutdeildarskírteini þeirra, þ.e. aðilar sem hafa starfsleyfi sem fjárfestingarráðgjafar skv. lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, eða svokallaðir einkaumboðsmenn sbr. lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Allianz á Íslandi uppfyllir hvorugt framangreindra skilyrða. Þá benti Fjármálaeftirlitið á að eingöngu væri heimilt að markaðssetja á Íslandi þá erlendu sjóði sem tilkynnt hafa um markaðssetningu sína á Íslandi í samræmi við lög nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Upplýsingagjöf

Gerðar voru athugasemdir við greiðslufirlitin sem send eru sjóðfélögum en þar vantaði yfirlit yfir réttindi og iðgjaldagreiðslur í EUR og upplýsingar um stöðu samnings miðað við að greiðslu sé hætt og inneign færð til annars vörsluaðila.

Innra eftirlit

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að félagið hafi ekki gert skriflegan samning við innri endurskoðanda. Jafnframt var gerð athugasemd við að skriflegar reglur um innra eftirlit væru ekki til staðar hjá Allianz. Þá voru ekki til starfslýsingar starfsmanna þar sem fram kom ábyrgð þeirra, heimildir o.fl.

Unnið er að úrbótum á ofangreindum atriðum hjá Allianz Íslandi hf. söluumboði.